

um endurskoðun lagaákvæða um rannsókn sjóslysa.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um rannsókn sjóslysa á þann veg, að gert verði ráð fyrir, að sérstök rannsóknarnefnd annist sjóslysarannsóknir að öðru leyti en því, að sjó- og verzlunardómur á einstökum stöðum á landinu sjái um rannsókn hinna smávægilegri sjóslysa.

Nefnd þessi dragi saman allar þær upplýsingar, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, og miðli þeirri vitneskju jafnan til sjómanna, sjómannaskóla, útgerðarmanna og annarra aðila, sem málið varðar.

#### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt núgildandi lögum fer sjó- og verzlunardómur með rannsókn sjóslysa, og segir í lögum um meðferð einkamála í héraði, að hafi skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skuli rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys, eða á ákvörðunarstað þess, en þar sem hallkvæmast þykir, ef skip hefur farizt. Í siglingalögum er einnig ákvæði um skyldu skipstjóra til þess að tilkynna yfirvaldi og gefa um það skýrslu, ef maður slasast á skipi eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum. Þá er í lögum um eftirlit með skipum kveðið á um siglingadóm, sem m. a. skal dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru vegna sjóslysa.

Rannsókn sjóslysa er því samkv. núgildandi lögum í höndum dómenda í hinum ýmsu sjó- og verzlunarpinghám í landinu, en ljóst ætti að vera, að vænlegra er til árangurs, að sjóslysarannsóknir séu á einni hendi, svo að sem allra mestur árangur geti fengizt af sjóslysarannsóknnum að því leyti, að upplýsingar, sem fram koma, séu nýttar til þess að gera ráðstafanir til að draga úr hættu á sams konar slysum.

Í framkvæmd virðist rannsókn sjó- og verzlunardóms á hinum ýmsu stöðum fyrst og fremst eða eingöngu beinast að þeim þætti málsins að leiða í ljós, hvort um saknæma óaðgæzlu einhvers aðila hafi verið að ræða, en minna hirt um þau atriði, sem varðað gætu slysavarnir. Hugsanleg not af samanburði atvika með hliðsjón af mismunandi búnaði skipa og viðbrögðum skipshafna við hin ýmsu slys, verða torveldari og harla lítil í raun, vegna þess að enginn einn aðili kannar öll sjóslys og safnar reynslu á einn stað.

Ákvæði um rannsóknir vegna flugslysa eru strangari að ýmsu leyti, og sýnist full ástæða til að endurskoða ákvæði laga um sjóslys með hliðsjón af ákvæðum laga um loftferðir. Í þeim lögum segir m. a., að rannsókn skuli hefja, ekki aðeins ef um flugslys er að ræða, heldur einnig ef legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna. Þá er í þeim lögum gert ráð fyrir, að niðurstöður rannsókna skuli nýttar til tryggingar öryggi framvegis, því að í 145. gr. laganna segir m. a. um skýrslu rannsóknarnefndar, sem send skal flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra: „... Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum ...“

Árlega verða Íslendingar fyrir óbætanlegu manntjóni á sjó og miklu eignatjóni, og aldrei verður of mikilli fyrirhöfn eða fé varið til þess að draga sem mest úr slysum og óhöppum á sjó. Það er skoðun flm., að verulega skorti á, að rannsókn sjóslysa sé tekin nægilega föstum tókum með núgildandi ákvæðum laga og árangur, að því er varðar slysavarnir, sé minni en hann ætti að vera og gæti verið. Því er með þingsályktunartillögu þessari gert ráð fyrir, að lagaákvæði um rannsókn sjóslysa verði endurskoðuð og lögnum breytt á þann veg, að einn og sami aðili fjalli um öll sjóslys önnur en hin smávægilegustu og sinni því verkefni meir en áður hefur verið gert að safna á einn stað reynslu og lærdómum af slysunum og tryggja, að þeir lærdómar komi að notum í raunhæfum aðgerðum til varnar þeim mannlífum og eignum, sem teflt er í hættu í hinni hörðu sjósókn Íslendinga.“